

Fiskeldi Austfjarða hf.

10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Mat á umhverfisáhrifum - frummatsskýrsla

1. Inngangur



Fiskeldi Austfjarða hf. (FA) var stofnað 2012 og hóf eldi í Berufirði sama ár. Félagið er með leyfi til fiskeldis í Berufirði og Fáskrúðsfirði og er rekstur í blóma.

Félagið á 50% hlut í eldisstöðinni Íspór í Þorlákshöfn og er með ráðandi hlut í seiðaeldisstöðinni Rifós. Auk þess rekur Fiskeldi Austfjarða ásamt Laxar fiskeldi og fyrirtækinu Ónesi fiskvinnslufyrirtækið Búlandstind á Djúpavogi.

Fiskeldi Austfjarða starfrækir umhverfisvænt eldi og er með Aqua Gap umhverfisvottun á framleiðslu og rekstri félagsins. Vottunin gerir kröfur um sjálfbærni og er notkun allra ónáttúrulegra efna bönnuð. Hún gerir og kröfur til þess að eldissvæðin séu hvíld reglulega og framfylgt sé verklagi við framkvæmdina sem lágmarkar öll óæskileg umhverfisáhrif.

Hér er kynnt frummatsskýrsla sem tekur mið af þessum sjónarmiðum og tilkynnt er um fjögur eldissvæði í Seyðisfirði, þrjú svæði sem verða aðalsvæði og eitt svæði verður til vara. Aðalsvæðin verða Selstaðavík, Skálanesbót og Sörlastaðavík. Svæðið við Háubakka verður varasvæði, en það veltur meðal annars á gæðum hinna staðsetninganna hversu mikil notkun þess verður.

Tillögur gera ráð fyrir að svæðið við Háubakka samanstandi af valkostum A og B. Valkostur A felur í sér að svæðið við Háubakka sviði til þeirrar stærðar sem það var upphaflega kynnt í tillögu að matsáætlun, en valkostur B felur í sér að svæðið stækki til þess að það nýtist betur til sjókvíaeldis og hefur Skipulagsstofnun samþykkt það sem frávik. Fiskeldi Austfjarða áskilur sér rétt til að nýta hvort heldur sem er valkost A eða B við Háubakka fyrir starfsemi sína, en endanlegt val ræðst af viðbrögðum leyfisveitenda.

Áætlanir gera ráð fyrir að sett séu út seiði á hverju ári, vor og haust, skiptast útsetningar til helminga (sbr. kafli 3.1). Unnið er að því að afla rekstrarleyfis frá Matvælastofnun og starfsleyfis hjá Umhverfisstofnun samhliða vinnu við mat á umhverfisáhrifum, en í dag þá hefur Fiskeldi Austfjarða starfsleyfi fyrir 200 tonna eldi bæði að Háubökkum og í Sörlastaðavík.

Áætlanir gera ráð fyrir að framleidd verði um 10.000 tonn af laxi í samræmi við niðurstöðu burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar en lífmassi verði aldrei meiri en 10.000 tonn á hverjum tíma. Árleg framleiðsla á eldissvæðunum verður mjög breytileg, sem stafar af því að seiði eru einungis sett út þriðja hvert ár á hverju eldissvæði og eftir slátrun eru svæðin hvíld.

Í 46. gr. reglugerðar nr. 540/2020 segir að þegar eldi og slátrun hvarra kynslóðar lýkur skal sjókvíaeldissvæði vera í hvílt í a.m.k. 90 daga. Útsetningaráætlun Fiskeldis Austfjarða miðar við að eldissvæði í Seyðisfirði séu hvíld í allt að 12 mánuði milli kynslóða, en hvíld gæti samt orðið styttri t.d. 90 dagar. Við mat á hvíldartíma er mikilvægast að horfa til niðurstaðna þeirra umhverfisgilda sem samtímavöktun byggir á. Þær upplýsingar gefa raunverulega mynd af ástandi sjávarbotns undir eldissvæðum á hverjum tíma og hvort ástand viðkomandi svæða sé þannig að óhætt sé að setja út næstu kynslóð.

Mikill og ör vöxtur er hjá félaginu en fjárfestingar byggja á að núverandi framleiðsluleyfi verði fullnýtt á næstu tveimur árum. Mikilvægt er að auka umfang rekstrarins til að tryggja arðbæran rekstur til framtíðar og styrkja stoðir hans. Til að ná því marki er lögð áhersla á að hafa vel menntaða starfsmenn og efla samfélag og þjónustu á svæðinu.

Skipulagsstofnum féllst á tillögu að matsáætlun með athugasemdum þann 17. febrúar árið 2017 og farið var í mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar svo sem lýst var í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu er greint frá forsögu framkvæmda, núverandi starfsemi Fiskeldis Austfjarða og helstum staðháttum er lýst. Gerð er grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum. Áhrifa- og

umhverfisþættir er settir fram og greint er bæði frá fyrirbyggjandi rannsóknum auk annarra sem ráðist var í vegna mats á umhverfisáhrifum. Að lokum er greint frá samráði sem viðhaft var í ferlinu og mat á heildaráhrifum framkvæmdar er kynnt.

1.1 Markmið verkefnis

Fiskeldi Austfjarða áformar að byggja upp sjókvíaelði í Seyðisfirði og framleiða um 10.000 tonn að hámarki í firðinum.

1.2 Mat á umhverfisáhrifum

1.2.1 Matsskylda

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.br. og skv. lið 1.11 í 1. viðauka við löginn kunna fyrirhugaðar framkvæmdir að vera háðar mati á umhverfisáhrifum (Flokkur B).

„Pauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita er til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita er í ferskvatn.“

1.2.2 Frávik frá matsáætlun

Skipulagstofnun hefur samþykkt tvö frávik frá tillögu að matsáætlun, dags. 6. september 2016, vegna 10.000 tonna eldis á laxi í Seyðisfirði, en í henni kom fram skv. upprunalegum áformum að Fiskeldi Austfjarða hygðist nýta tvö eldissvæði í firðinum, þ.e. við Háubakka og Sörlastaðavík.

Frávikstillaga sem send var til Skipulagsstofnunar, dags. 1. mars 2019, fól í sér að eldissvæðum væri fjölgað um tvö og að útsetningaráætlun yrði breytt. Fiskeldi Austfjarða telur að það sé kostur að hafa fjögur eldissvæði í firðinum í stað tveggja, en þrjú svæði verða nýtt sem aðalsvæði en hið fjórða verður varasvæði. Lagt var og til að svæðið við Háubakka yrði fært til þannig að það liggja fyrir utan netlög, en áður lá það að hluta innan netlaga. Einnig er ljóst að stærð þess svæðis var helst til of lítil fyrir þær kvíar sem félagið notar. Af þessum sökum verður svæðið stækkað og leggur Fiskeldi Austfjarða fram tvo valkosti. Valkostur A felur í sér að breidd svæðis verði um 215 metrar og lengdin um 1.400 metrar. Valkostur B felur í sér að svæðið verði um 360 metrar á breidd og lengd þess sú sama. Stækkunin mun ekki koma til með að hafa áhrif á siglingar, vegna þess að siglingaleiðin liggur sunnanmegin í firðinum en Háubakkar eru staðsettir norðanmegin. Svæðið verður varasvæði. Svæðið við Sörlastaðavík verður stækkað og verður um 1.400 metrar á lengdina og um 350 metrar að breidd, en auk þess er svæðið fært fjær landi. Svæðið verður nýtt sem aðalsvæði. Nýtt svæði verður tekið í notkun í Selstaðavík sem er norðanmegin í firðinum. Svæðið verður um 2.000 metrar á lengd og um 400 metrar á breidd. Svæðið verður nýtt sem aðalsvæði. Bætt verður við nýju svæði við Skálanesbót. Það liggur yst í firðinum sunnanmegin. Stærð þess svæðis er um 1.400 metrar á lengd og 400 metrar á breidd. Svæðið verður nýtt sem aðalsvæði.

Breytingarnar á svæðunum leiða til þess að lífmassinn verður utar í firðinum en fyrri tillaga gerði ráð fyrir og er það í samræmi við tilmæli í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar. Álag á lífríki yrði minna þar sem eldið dreifist á stærra svæði, auk þess sem hvíldartími svæða yrði lengri. Það verður og að teljast kostur að hafa svæði til vara komi upp einhverjar þær aðstæður sem krefjast þess að slík staðsetning sé nýtt. Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að þessi breyting á framkvæmd rúmist innan samþykkrar matsáætlunar. Þetta fyrirkomulag hentar betur fyrir kynslóðaskipt eldi. Kort og hnit í frummatsskýrslu eru uppfærð (sbr. kafli 2.1) frá því sem fram kemur í samþyktri matsáætlun.

Í samræmi við breytingar á svæðum þá yrði útsetningaráætlun þannig að framkvæmdaraðili myndi hefja útsetningu á seiðum árið 2021 í Sörlastaðavík, árið 2022 við Selstaðavík og árið 2023 yrðu seiði sett út við Skálanesbót (sbr. kafli 3.1). Næsta útsetning myndi síðan verða í Sörlastaðavík árið 2023, í

Selstaðavík árið 2024 og árið 2025 við Skálanesbót. Með þessu verða seiði sett út á þriggja ára fresti á hverri staðsetningu, en hvíld svæðis á milli árganga mun verða 12 mánuðir eða skemmri. Í samþykktri tillögu að matsáætlun er gert ráð fyrir 6 mánaða hvíld svo útsetningaráætlunin rúmast innan fyrirbyggjandi tillögu og felur í sér minna umhverfisálag og hvíld eldissvæða getur orðið helmingi lengri en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Varðandi útsetningaráætlun þá er gert ráð fyrir að árlega verði sett út um 1.700.000 seiða á eina staðsetningu í stað 2.500.000 eins og lagt var upp með í tillögu að matsáætlun. Af því leiðir að breytingin felur í sér minna umhverfisálag þar sem minna fóður er notað og minni úrgangur myndast. Í tillögu að matsáætlun var gert ráð fyrir að fóðra 13.000 tonn á ári en fóðurnotkun minnkar í 11.201 tonn á ári skv. frávíkstillögunni. Tillagan var samþykkt sem frávik þann 19. mars 2019.

Áður hafði framkvæmdaraðili lagt fram frávíkstillögu sem samþykkt var af Skipulagsstofnun þar sem gert var ráð fyrir að svæðið við Sörlastaðavík yrði stækkað og nýtt svæði í Selstaðavík samþykkt. Sú tillaga var dregin til baka þegar frávíkstillagan frá 1. mars 2019 var lögð fram. Fjallað er nánar um breytingar á svæðum í kafla 4.3.2.

Fiskeldi Austfjarða tilkynnti Skipulagsstofnun um frávik frá samþykktri matsáætlun þann 4. febrúar 2020. Frávikið fólst í því að í staðinn fyrir að lágmarkshvildartími sé 6 mánuðir eins og kemur fram í samþykktri matsáætlun, þá yrði lágmarkshvildartími 90 dagar ef aðstæður biðu það. Þannig myndi hvildartími geta verið á milli 3-12 mánuði eftir aðstæðum botns og dýralífs á hverju eldissvæði. Þannig má nýta betur þau eldissvæði þar sem skilyrði eru góð, styðji niðurstöður rannsókna það. Skipulagsstofnun samþykkti frávikið svo framarlega að skýrt kæmi fram að 90 daga lágmarkshvildartími sé háður ástandi botns og gerð sé grein fyrir hvernig Fiskeldi Austfjarða meti hvort óhætt sé að setja út seiði á viðkomandi svæði, sjá betur umfjöllun í kafla 6.2.4.

Hafrannsóknastofnun kynnti tillögu að endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar þann 17. mars 2020. Þar er gert ráð fyrir að heimilt sé að ala allt að 6.500 tonn af frjóum fiski í Seyðisfirði og er tekið tillit til þess í frummatsskýrslunni. Tillaga að endurskoðuðu áhættumati var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 9. júní 2020.

1.2.3 Helstu aðilar og rannsóknir

Frummatsskýrslan var unnin af Kjartani Davíð Sigurðssyni ráðgjafa á vegum Fiskeldis Austfjarða, Jónatan Þórðarsyni fiskeldisstjóra hjá Fiskeldi Austfjarða, Guðmundi Gíslasyni hjá Fiskeldi Austfjarða og Þórði Þórðarsyni framkvæmdarstjóra Fiskeldis Austfjarða. Einnig hafa starfsmenn og sérfræðingar Náttúrustofu Austfjarða unnið rannsóknir á botndýralífi og unnið samantekt á fuglalífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum. Auk þess hefur fyrirtækið Akvaplan-niva unnið að straummælingum fyrir Fiskeldi Austfjarða í tengslum við umhverfismatið. Að lokum vann Adam Hoffritz sérfræðingur í landupplýsingum ásýndarkort fyrir Fiskeldi Austfjarða. Dr. Þorleifur Eiríksson hjá RORUM annaðist ritstýringu.

Frummatsskýrsla var unninn samkvæmt samþykktri tillögu að matsáætlun frá 14. febrúar árið 2017.

1.2.4 Tímaáætlun mats á umhverfisáhrifum

Tímaáætlun mats á umhverfisáhrifum vegna 10.000 tonna eldis á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða er eftirfarandi:

Drög að matsáætlun kynnt í júní árið 2014.

Tillaga að matsáætlun send til Skipulagsstofnunar þann 6. september árið 2016.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun kynnt þann 17. febrúar árið 2017.

Drög að frummatsskýrslu var skilað til Skipulagsstofnunar 18. júlí 2019.

Skipulagsstofnun lýkur við skoðun á drögum að frummatsskýrslu og sendir til baka með athugasemdum 31. janúar 2020.

Fiskeldi Austfjarða sendir frummatsskýrslu til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun í 2. júní 2020.

Frummatsskýrsla verður auglýst til kynningar og umsagnar í ágúst og september 2020.

Kynningarfundur verður haldinn í ágúst eða september 2020.

Fiskeldi Austfjarða fer yfir og svarar innsendum athugasemdum og umsögnum í október og nóvember 2020.

Fiskeldi Austfjarða skilar endanlegri matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í desember 2020 eða janúar 2021.

Álit skipulagsstofnunar verður birt í febrúar 2021.